



Öndunarfærasýkingar


Vika 2

9. – 15. janúar 2023

Embætti landlæknis
Sóttvarnalæknir


Inflúensa

Færri greindust með staðfesta inflúensu í annarri viku ársins 2023 samanborið við undangengnar vikur (Mynd 1). Í heildina greindust 36, þar af 30 með inflúensustofn A(H1) pdm09, fimm með stofn A(H3) og einn með stofn B.




Mynd 1. Fjöldi með staðfesta inflúensu eftir vikum. Veturinn 2022-2023 til og með 17. janúar 2023.

Áfram greinast hlutfallslega flestir í aldurshópunum 0-4 ára og 65 ára og eldri, líkt og undanfarin inflúensutímabil (Mynd 2).



Mynd 2. Tíðni staðfestrar inflúensu eftir aldri. Veturinn 2022-2023 til og með 17. janúar 2023.


Fjöldi sem greindist með inflúensulík einkenni, sem eru klínískar greiningar á öndunarfæraeinkennum skráðar í sjúkraskrá, lækkaði áfram og var kominn undir meðalfjölda greininga í þessari viku miðað við undanfarin flensutímabil (Mynd 3).



Mynd 3. Vikulegur fjöldi með inflúensulík einkenni samanborið við meðalfjölda flensutímabila 2015-2022.

COVID-19 (SARS-CoV-2 veira)

Fjöldi COVID-19 greininga hefur farið lækandi milli vikna og í annarri viku ársins greindist 131. Hlutfall jákvæðra af heildarfjölda sýna lækkaði einnig en er þó enn hátt (Mynd 4).




Mynd 4. Fjöldi COVID-19 greininga veturinn 2022-2023 eftir vikum.

RSV og aðrar öndunarferasýkingar

Í annarri viku ársins greindust 32 með RS veiru (RSV) sem er svipaður fjöldi og í viku 1. Þar af voru 12 börn á aldrinum 0-1 árs. Af öðrum öndunarferaveirum greindist mest af Rhinoveiru og Metapneumóveiru (hMPV), sjá töflu á [vef sýkla- og veirufræðideildar Landspítala](#).

Skarlatssótt


Eins og fjallað var um í [samantekt síðustu viku](#) hafa talsvert fleiri greinst með skarlatssótt síðastliðnar vikur samanborið við fyrri ár (Mynd 5). Í annarri viku ársins greindust 49 með skarlatssótt en í þessari viku í fyrra greindust 6 og meðalfjöldi greininga árána 2017 til 2021 var 7,2.



Mynd 5. Vikulegar greiningar á skarlatssótt í ár og í fyrra samanborið við meðalfjölda greininga árin 2017-2021.


Innlagnir á Landspítala

Fjöldi innlagna vegna inflúensu á Landspítala var aðeins meiri í annarri viku ársins en þeirri fyrstu, en var þó talsvert lægri en í síðustu vikum síðasta árs. Fjöldi innlagna með eða vegna COVID-19 lækkaði lítillega á milli vikna. Alls liggja nú 10 manns á Landspítala með COVID-19 en enginn á gjörgæslu. Talsvert færri lögðust inn vegna RSV í viku 2 samanborið við vikurnar á undan (Mynd 6).



Mynd 6. Vikulegur fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022-2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV.

Enn eru innlagnir vegna COVID-19 og inflúensu algengastar meðal fólks 65 ára og eldra á meðan innlagnir vegna RSV eru algengastar meðal 0-2 ára barna (Mynd 7).



Mynd 7. Uppsafnaður fjöldi innlagna á Landspítala veturinn 2022-2023 vegna COVID-19, inflúensu og RSV eftir aldri.

Undanfarinn mánuð hafa óvenjumargir lagst inn á Landspítala með ífarandi sýkingar af völdum streptókokka af grúppu A.

Samantekt

Tilfellum staðfestrar influensu fór fækkandi á milli vikna sem og greiningum á influensulíkum einkennum. COVID-19 tilfelli voru einnig færri en á undangengnum vikum. Svipaður fjöldi greindist með RS veiru, Rhinoveiru og Metapneumóveiru. Óvenjumargir hafa verið að greinast með skarlatssótt undanfarnar vikur miðað við meðaltal fyrri ára og hélt þessi þróun áfram í viku 2. Innlögnum vegna COVID-19 fækkaði á milli vikna sem og innlögnum vegna RSV. Innlagnir vegna influensu voru aðeins fleiri en í fyrstu viku ársins en þó mun færri en í vikunum þar ár undan.

Sóttvarnir

Full ástæða er til að sinna sóttvörnum til að draga úr líkum á að smitast og að smita aðra. Við minnum alla á að:

- Fylgja tilmælum um bólusetningu.
- Halda sig til hlés í veikindum.
- Forðast umgengni við ung börn og aðra viðkvæma ef með einkenni.
- Hylja nef og munn við hósta og hnerra.
- Sinna viðeigandi handþvotti.
- Nota grímu við ákveðnar aðstæður eins og á heilbrigðisstofnunum þ.m.t. biðstofum.
- Lofta út.
- Forðast fjölmenni og halda fjarlægð eins og hægt er.

